

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 10. janúar 2024

Fyrirlesari: Einar Kárason, rithöfundur

Efni: „Tvær brennur í fornum sögum“

Mættir: 64, félagsmenn og nokkrir gestir

Formaður setti fund stundvíslega kl. 16. Að venju sagði hann stuttlega frá því sem er á döfinni hjá Öldungadeildinni, minnti á tvö málþing sem öldungar standa fyrir á Læknadögum og skýrði frá tveimur ferðum sem verða auglýstar fljótlega; sumarferð innanlands á slóðir Sigvalda Kaldalóns og haustferð til Skotlands.

Auglýstur fyrirlesari, Elín Hirst, varð að láta í minni pokann fyrir einhverri umgangspæstinni sem herjar þessa dagana en hún kemur væntanlega til okkar í mars. Þegar svona stendur á er gott að eiga góða að og þessu sinni reyndist Einar Kárason, rithöfundur, haukur í horni og flutt okkur fyrirlestur sem hann nefnir “Tvær brennur í fornum sögum”. Brennurnar tvær eru Njálsbrenna og Flugumýrabrenna. Einar lýsti því þegar hann var að undirbúa skáldsögur sínar sem byggja á Sturlungu og uppgötvaði hversu mikil líkindi eru með þessum tveimur atburðum, í aðdraganda, brennunum sjálfum og eftirmálum, þar sem Íslendingabók Sturlu Þórðarsonar speglast í Njálu og önnur bókin er nánast útlekking á hinni. Íslendingabók er talin sagnfræðirit en hún er samt byggð upp sem bókmenntaverk. Líkindin eru vissulega mikil. Í báðum sögum kemur fram glæsímenni í upphafi. Honum vegnar vel meðan hann hlýðir ráðum eldri manna en fellur þegar hann ofmetnast. Ragnmönun konu kemur í veg fyrir sættir og atburðarásin leiðir þá óhjákvæmilega til brennu sem er svo lýst á nákvæmlega sama hátt. Í báðum sögum er einn sem veit en kýs að þegja. Og bæði Hrafn Oddsson og Mörður Valgarðsson eru trúir skilgreiningunni sem psychopatar sem tekst alltaf að snúa uppá hlutina og fá menn til að trúá sér. Einn sleppur úr hvorri brennu og hefndarferlið er líka samhljóða. - Sturla Þórðarson var uppi á þeim tíma sem Njála er skrifuð og var dáður sem skáld. Margir fræðimenn hafa komið með tilgátur um höfund Njálu. Einar Ólafur Sveinsson taldi Sturlu Þórðarson ekki koma til greina út frá þekkingu eða þekkingarleysi á staðháttum, en Einar Kárason veit auðvitað hvernig rithöfundar verða sér úti um þekkingu á staðháttum. Þetta efni og lífleg framsetning þrautreynds sögumanns vakti að sjálfsgöðu umræður og bætti Einar m.a. við að ólíkan stíl sama höfundar megi skýra með því að Íslendingabók sé einmitt skrifuð sem samtíma saga, annáll nýliðinna atburða, en Njála er söguleg skáldsaga.

Fundi slitið kl. 17:05.